

**Nr. 18-210 S 146 Guðbjörg GK 666 / Oddur V Gíslason****Vélarvana og ásigling****Guðbjörg**

Skipaskr.nr. 2468  
 Útgerð: Stakkavík ehf.  
 Smíðaður: Kína, 2001, stál  
 Stærð: 0,00 brl. 193,75 bt.  
 Mesta lengd: 25,43 m Skráð lengd: 23,18 m  
 Breidd: 6,40 m Dýpt: 3,70 m  
 Vél: Cummins, 448,0 kw, 2001.  
 Fjöldi skipverja: 5



Guðbjörg © Jón Steinar Sæmundsson

**Oddur V Gíslason**

Skipaskr.nr. 2743  
 Útgerð: Björgunarbátasjóður SVFÍ, Grindavík  
 Smíðaður: Bretlandi, 1985, stál.  
 Stærð: 40,0 brl. 41,68 bt.  
 Mesta lengd: 14,96 m Skráð lengd: 14,96 m  
 Breidd: 5,21 m Dýpt: 2,70 m  
 Vél: Caterpillar, 600 kw, 1985.  
 Fjöldi skipverja: 6



Oddur V Gíslason © Arnbjörn Eiríksson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Pálma K Jónssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. desember 2018 var Guðbjörg GK 666 á leið til hafnar í Grindavík. Veður: NNA 15 m/s og 22 m/s í hviðum. Ölduhæð 2,5 til 3 metrar.

Á landleið missti vélin afl undir álagi en það drapst ekki á henni og skipstjórinn óskaði eftir aðstoð björgunarskips til að fylgja þeim í land. Björgunarskipið Oddur V Gíslason kom á staðinn en þegar verið var að koma taug á milli skipanna rákust þau saman með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á Oddi V Gíslasyni. Þrátt fyrir það tókst að koma taug á milli skipanna og var Guðbjörg dregin til hafnar.

Talsvert tjón reyndist hafa orðið bakborðshlið björgunarskipsins m.a. á rekkverki, brú og á slingubretti utan á kjölum.

***Við rannsókn kom fram:***

- að vélarbilunin um borð í Guðbjörgu var vegna þess að gróður sem hafði myndast í flotholtshylki, sem stýrði olíuflæði að olíuverki, lenti í sigti þannig að aðalvél fékk ekki næga oliu. Fram kom að ástæða þess var líklega sú að olíulagnir hefðu ekki verið hreinsaðar sem skyldi;
- að samkvæmt skipstjóranum á Oddi V Gíslasyni var siglt að skipinu hlémegin og framan við það upp í vind til að koma taug á milli þeirra. Í annarri atrennu þegar skipin voru þvert af hvort öðru virtist eins og sog hafi náð að myndast og fjarlægðin á milli þeirra minnkaði. Ekki tókst að forða árekstri og lenti stefni Guðbjargar í yfirbyggingu Odds V Gíslasonar.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.